ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS RANGÁRÞINGS EYSTRA 2020- 2032

Skipulags- og matslýsing

11.11.2019

SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2424-057-SKY-001-V02

TITILL SKÝRSLU

Endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032, skipulags- og matslýsing

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

22

VERKHEITI

Endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Guðmundur Úlfar Gíslason

VERKKAUPI

Rangárþing eystra

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ásgeir Jónsson

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir, Ásgeir Jónsson, Brynja Dögg Ingólfsdóttir

LYKILORÐ

Lykilorð

ÚTDRÁTTUR

STAÐA SKÝRSLU

☒ Drög
☐ Drög til yfirlestrar
☐ Lokið

DREIFING

☐ Opin
☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 1
1.1 Hvað er aðalskipulag 2
1.2 Skipulags- og matslýsing 2
1.3 Tilefni endurskoðunar 3
1.4 Stýrihópur 4
1.5 Aðferð 4
2 ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR 5
2.1 Almenn atriði 5
2.2 Að Byggðamynstur 5
2.3 Þjónustukerfi og innviðir 6
2.4 Atvinna 6
2.5 Umhverfi 6
3 FORSENDUR 8
3.1 Mannfjöldi og byggðarþróun 8
3.1.1 Íbúafjöldi og íbúaspá 8
3.1.2 Aldursskipting 10
3.1.3 Íbúðar- og frístundasvæði 11
3.1.4 Atvinnulíf 12
3.2 Samgöngur og þjónustukerfi 13
3.3 Náttúruvernd 13
3.4 Náttúruvá 13
4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR 15
5 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGSINS 17
5.1 Mat á áhrifum 18
5.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið 18
6 SKIPULAGFERLIÐ 21
6.1 Kynning og samráð 21
6.2 Drög að tímaáætlun 22
7 HEIMILDASKRÁ ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

MYNDASKRÁ

MYND 1 Sveitarfélagsuppdráttur gildandi aðalskipulags Rangárþings eystra 2012-2024 _____ 1
MYND 2. *Fjöldi íbúa í Rangárþingi eystra frá 1998 til 2019 (Íslands, 2019)* _____ 8
MYND 3. *Fjöldi íbúa á Hvolsvelli frá 2011 til 2019 (Íslands, 2019)* _____ 9
MYND 4. Íbúafjöldi í Rangárþingi eystra frá 1998 til 2019. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar (Íslands, 2019) _____ 9
MYND 5. *Myndin sýnir samanburð á aldursdreifingu á landsvísu (svartar útlínur) og aldursdreifingu Rangárþings eystra (fylltar súlur). Hlutfall karla er vinstra megin en kvenna hægra megin.* _____ 10
MYND 6. *Aldursdreifing íbúa Rangárþings eystra frá árinu 2004 og 2019 borin saman. Hlutfall karla er vinstra mengin en kvenna hægra megin.* _____ 11
MYND 7 Vinnusóknarsvæði Þéttbýlisstaða, Byggðastofnun 2014_____ 12

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1 Tengsl við aðrar áætlanir _____ 15
TAFLA 2. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið _____ 19
TAFLA 3 Drög að tímaáætlun _____ 22

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings eystra. Skipulags- og matslýsingin er unnin í samræmi við gr. 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Ráðgjafi við skipulagsvinnuna eru EFLA verkfræðistofa.

Aðalskipulag Rangárþings eystra tekur til alls lands sveitarfélagsins sem er um 1.840 km^2 að flatarmáli. Mörk sveitarfélagsins eru í grófum dráttum við Hólsá, um Landeyjar og við Þverá í vestri, við Eystri Rangá og um Þríhyrning og Tindfjallajökul í norðri, á Mýrdalsjökli í austri og til sjávar við Jökulsá á Sólheimasandi. Sveitarfélagsmörkin fylgja mörkum frá Landmælingum Íslands hvað nema dregin er bein lína milli Hæringsfells og Ýmis skv. landamerkjalýsingu frá því um 1890. Aðliggjandi sveitarfélög eru Rangárþing ytra að vestan og norðan og Mýrdalshreppur að austan. Skaftárhreppur liggur einnig að Rangárþingi eystra á Mýrdalsjökli.



MYND 1 Sveitarfélagsuppdráttur gildandi Aðalskipulags Rangárþings eystra 2012-2024

1.1 Hvað er aðalskipulag

Aðalskipulag sveitarfélags er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Samkvæmt 3. gr. laganna fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulagsmála en sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags. Landskipulagsstefna er lögð fram af umhverfisráðherra til 12 ára og nær til landsins alls, svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög, sem þar gera með sér sameiginlegt skipulag fyrir sitt svæði eða málaflokk sem þörf er á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna. Aðalskipulag nær alltaf til alls sveitarfélagsins en deiliskipulag nær til minni svæða og þar er endanleg skipan byggðarinnar ákveðin.

Í aðalskipulagi er sett fram stefnumótun sveitarstjórnar um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun þess. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.[1] Það er því mikilvægt að stefnan sé unnin í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt.

Í aðalskipulagi er mótuð stefna um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Til einföldunar má segja að landnotkun snúist um *hvar á að byggja hvað*, byggðaþróun um *hvar á að byggja næst*, byggðamynstur um *hvernig á að byggja*, samgöngu- og þjónustukerfi um *hvar götur og veitur skulu liggja* og umhverfismál um *hvernig umgangast skuli umhverfi og náttúru*. Þessir þættir skiptast síðan í marga undirþætti sem tengjast innbyrðis á margvíslegan þátt.

Aðalskipulag skal endurskoða með reglulegu millibili og gildir það fyrir tímabil sem skal vera a.m.k. 12 ár. Þá ber nýrri sveitarstjórn að meta þörf á endurskoðun aðalskipulags í upphafi hvers kjörtímabils. Núgildandi aðalskipulag Rangárþings eystra gildir fyrir tímabilið 2012-2024.

1.2 Skipulags- og matslýsing

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

Samkvæmt gr. 4.2.3. í skipulagsreglugerð skal gera grein fyrir eftirfarandi í skipulags- og matslýsingu:

[1] Sbr. grein 4.1.1 í skipulagsreglugerð

- aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðar, áherslum sveitarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar
- umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar, þ.m.t. meginþættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta svo sem þeirra sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð
- helstu forsendum stefnumörkunar, svo sem byggðarþróun, þ.e. að gera grein fyrir mannfjöldaþróun undanfarinna ára og atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa. Setja fram framtíðarhorfur um byggðarþróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu öllu,
- áhrifum landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins
- tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag ef það liggur fyrir, landsskipulagsstefnu, áætlanir um landnotkun á landsvísu, svo sem um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað, skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, verndar- og orkunýtingaráætlun samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, verndaráætlanir friðlýstra svæða og aðra stefnumótun sem tengist viðfangsefninu. Lýsa þarf áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina
- frekari upplýsingum sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar
- skipulagsferlinu, svo sem helstu verkáföngum og tímasetningu þeirra og hvernig kynningum, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verði háttað
- hverjir fari með þá málaflokka sem áætlunin taki til og eru umsagnaraðilar og hvenær í vinnuferlinu verði haft samráð við þá
- hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunarinnar, sbr. 4.4. gr. og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þegar það á við

1.3 Tilefni endurskoðunar

Tilefni endurskoðunar byggist á breyttum forsendum frá gildandi aðalskipulagi og hvernig hefur gengið að fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem þar er sett fram. Talsverðar breytingar hafa orðið á forsendum skipulagsins bæði innan sveitarfélagsins sem og í ytra umhverfi. Yfirlit yfir breyttar forsendur má sjá í kafla 3. Hér að neðan eru tilteknar helstu ástæður fyrir því að sveitarstjórn telur tilefni til endurskoðunarinnar.

Tilefni endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra eru:

- Að síðan Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024 var staðfest í maí 2015, hafa verið gerðar á því sjö staðfestar breytingar og fleiri eru í vinnslu. Fjöldi breytinga gefur til kynna að ástæða er til að endurskoða stefnu og skilmála þar sem við á
- Að mikil fjölgun íbúa hefur verið í sveitarfélaginu og breytt íbúasamsetning
- Þéttbýlið á Hvolsvelli hefur vaxið hratt á síðustu árum og þörf er á að endurskoða og fjölga íbúðar- og atvinnulóðum
- Að töluverð ásókn hefur verið í uppskiptingu jarða og byggingu stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarlandi tengdum og ótengdum atvinnuuppbyggingu í næsta nágrenni og telur sveitarfélagið ástæðu til að endurskoða skilmála um slíka uppbyggingu
- Að ferðaþjónusta hefur aukist verulega og er orðin ein stærsta atvinnugreinin. Sveitarstjórn telur að móta þurfi heildarstefnu um málaflokkinn og einstaka ferðamannastaði

- Að aukinn áhugi á vindorku er í sveitarfélaginu og telur sveitarstjórn mikilvægt að móta stefnu um slíka uppbyggingu og aðra orkuöflun
- Að gera betur grein fyrir náttúruvá, m.a. hættumati tengt eldgosum í Kötlu
- Að fara yfir hvernig stefnan getur stuðlað að leiðum og aðgerðum til að mæta nýjum kröfum á sviði umhverfis- og loftslagsmála sbr. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna samhliða því að landbúnaður hafi áfram eðlilega þróunarmöguleika
- Að endurskoða afmörkun og verndun fornminja, náttúruminja- og vatnsverndarsvæða
- Vegna aukins umferðarþunga þarf endurmeta þörf á breyttri legu stofn- og tengivega samhliða áherslu á göngu-, hjóla- og reiðleiðir
- Að enduskoða stefnu um nýtingu Landeyjarhafnar
- Að sveitarfélagið tekur nú þátt í verkefni Landlæknis um heilsueflandi samfélag og sveitarstjórn vill gera lýðheilsu hátt undir höfði í sveitarfélaginu
- Uppfærsla skipulagsgagna miðað við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og annarra laga og reglugerða

1.4 Stýrihópur

Skipaður hefur verið stýrihópur um endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra sem samanstendur af sveitarstjórn, skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa. Anton Kári Halldórsson, Benedikt Benediktsson, Christiane L. Bahner, Elín Fríða Sigurðardóttir, Guðmundur Viðarsson, Lilja Einarsdóttir, Rafn Bergsson, Þórir Már Ólafsson, Esther Sigurpálsdóttir, Anna Runólfsdóttir og Guðmundur Úlfar Gíslason.

1.5 Aðferð

Beitt verður aðferðum umhverfismats áætlana við greiningu skipulagskosta sem verða bornir saman og metnir út frá tilteknum umhverfisþáttum og viðmiðum, sjá 5. kafla.

Við vinnslu skipulagsins verður tekið mið af þegar samþykktri stefnumörkun sveitarfélagsins og öðrum gildandi áætlunum og stefnumörkun sem sjá má yfirlit yfir í kafla 5.2. Við mótun stefnunnar verður litið til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í umhverfisskýrslu verður fjallað um hvernig stefna sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum rímar við heimsmarkmiðin.

Nýtt aðalskipulag verður sett fram í greinargerð og á sveitarfélagsuppdrætti, þéttbýlisuppdrætti og skýringaruppdráttum. Uppdrættir og teikningar verða unnar í landupplýsingakerfum þar sem öll staðbundin ákvæði eru sett fram sem fitjur með margvíslegar eigindir þar sem efnisatriði ákvæðanna koma fram skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Endurskoðað aðalskipulag verður gert aðgengilegt í vefsjá á heimasíðu Rangárþings eystra.

Á vinnslustigi skipulagsins verður vefsíða sveitarfélagsins nýtt til samráðs og kynningar auk þess sem haldnir verða samráðs- og kynningarfundir sbr. 6. kafla.

Þá verður, eftir atvikum leitað samráðs við fyrirtæki og stofnanir s.s. Vegagerðina og Umhverfisstofnun.

2 ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 er gert ráð fyrir að aðalskipulagið í heild sinni verði endurskoðað og því verði stefnan yfirfarin og endurmetin í öllum þeim landnotkunarflokkum og efnisþáttum sem ástæða þykkir til.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra leggur áherslu á að sú stefna sem mótuð verður í aðalskipulagsvinnunni sé til þess fallin að auka lífsgæði íbúa í sveitarfélaginu og ýti undir aukin samfélagsleg-, umhverfisleg- og efnahagsleg gæði í Rangárþingi eystra. Í takt við það markmið verður litið til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: hinnar félagslegu, umhverfislegu og efnahagslegu.

Sveitarstjórn leggur áherslu á eftirtalin atriði við endurskoðun aðalskipulagsins:

2.1 Almenn atriði

- Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað
- Að leitast verði við að tryggja jafnvægi við verndun umhverfis og náttúru og nýtingar til heilla fyrir íbúa, atvinnurekendur og gesti
- Að skipulag taki mið af þörfum fjölskyldna og íbúa á öllum æviskeiðum og skapi góð búsetuskilyrði fyrir alla
- Að skipulag stuðli að heilsueflandi samfélagi
- Að stefna Rangárþings eystra skapi umgjörð fyrir öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf og möguleika til nýsköpunar
- Að hlutverk Hvolsvallar sem mikilvægur þjónustukjarni á Suðurlandi verði styrkt
- Að skipulag byggðar stuðli að hagkvæmum rekstri sveitarfélagsins og miði að jafnvægi og stöðugleika

2.2 Byggðamynstur

- Þéttbýli
  - Að þéttleiki byggðar taki mið af aðstæðum og þörfum á hverjum stað
  - Að uppbygging og efling miðbæjar á Hvolsvelli haldi áfram og þar verði lögð áhersla á blandaða byggð, gott aðgengi að þjónustu og fallega bæjarmynd og aðkomu
  - Að nægt framboð íbúðalóða verði tryggt á skipulagstímabilinu. Horft verði til aðlaðandi íbúðabyggðar með góðu aðgengi að grænum svæðum til útivistar og leikja. Áætlanir um framtíðar íbúðabyggð verði byggð á Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins
  - Að öruggt og vandað búsetuumhverfi verð haft að leiðarljósi

    - Að uppbygging þjónustu verði í takt við aukinn íbúafjölda
- Dreifbýli
    - Að yfirfara og móta stefnu um hvar í sveitarfélaginu skuli þróa þéttbýliskjarna og skilmála varðandi uppbyggingu í dreifbýli
    - Að skýra skilmála um uppbyggingu íbúðarhúsa í dreifbýli/landbúnaðarlandi, með það að markmiði að samræma skilmála um slíka uppbyggingu og að þróunin gangi ekki á gæði sveitarfélagsins til framtíðar
    - Að yfirfara og uppfæra afmörkun íbúðar- og frístundasvæða í dreifbýli

2.3 Þjónustukerfi og innviðir

- Að við skipulagningu umferðarmannvirkja verði tekið mið af því að öll umferð verði bæði greið og örugg
- Að áhersla verði á breikkun Suðurlandsvegar og aðskilja akstursstefnur með öryggi og hagsmuni íbúa að leiðarljósi
- Að hugað verði að því að umferðarmannvirki valdi hvorki óbætanlegum skaða á umhverfinu né rjúfi tengsl byggðar og náttúru
- Að vistvænum samgöngum verður gert hærra undir höfði m.a. til að ná stefnumiðum um heilsueflandi samfélag og til að vinna að því að draga úr mengun. Fellst það í því að efla almenningssamgöngur og að hafa gott net göngu-, hjóla- og reiðstíga innan sveitarfélagsins og byggja upp innviði sem styðji við orkuskipti bílaflotans
- Að afmörkun Landeyjarhafnar verði endurskoðuð og horft verði til aukinna nýtingarmöguleika hafnarinnar og mögulega uppbyggingu á tengdri þjónustu
- Að setja stefnu um úrgangsmál sem, m.a. byggist á stefnu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu
- Að setja stefnu um orkuöflun, m.a. um smávirkjanir og vindmyllur í sveitarfélaginu þar sem hagsmunir íbúa verði hafðir að leiðarljósi
-

2.4 Atvinna

- Að tryggja framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum
- Að þróun verslunar og þjónustu sé í takt við fjölgun íbúa og ferðamanna
- Að setja stefnu um ferðaþjónustu í samræmi við aðra stefnumörkun á ríkis og svæðisvísu m.t.t. þróunar greinarinnar undanfarin ár
    - Að skilgreina hverjir eru megin seglar ferðaþjónustu á svæðinu og hvort þörf sé á innviðauppbyggingu við þá
    - Að stefna um ferðaþjónustu verði sett fram í samræmi við stefnu í DMP skýrslum fyrir Kötlu jarðvang og Suðurland
- Að endurskoða skilmála og stefnu um landbúnaðarland
    - Að uppfæra flokkun landbúnaðarsvæða og fara yfir skilmála því tengdu með það að markmiði að viðhalda bæði landgæðum og búsetugæðum
    - Að endurskoða byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum og skoðað hvaða starfsemi er eðlilegt að sé á þessum svæðum
    - Að horfa heildstætt til hagsmuna landbúnaðarins í stefnu um framræslu- og endurheimt votlendis

2.5 Umhverfi

- Að umhverfismál verði í forgrunni í ákvarðanatöku í sveitarfélaginu

- Að afmörkun hverfisverndar og annarra verndarsvæða í sveitarfélaginu verði yfirfarin og eftir atvikum endurskoðuð
- Að mótuð verður stefna um loftslagsmál þar á meðal kolefnisjöfnun, endurheimt og framræslu votlendis, skógrækt og landgræðslu
- Að gera betur grein fyrir grein fyrir náttúruvá og hættumati í endurskoðuðu aðalskipulagi, uppfæra upplýsingar um hugsanleg hamfaraflóð tengt eldgosum í Kötlu
- Að skoðað verði hvort þörf er á að uppfæra stefnu og afmörkun vatnsverndar í sveitarfélaginu
- Að stefnt verði að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs
- Að sett verði stefna um sjálfbærni ferðamannastaða og náttúruperla

3 FORSENDUR

Í þessum kafla er farið yfir helstu breytingar á forsendum sem stefnumótunin mun byggja á. Farið er yfir þær forsendur sem breyst hafa umtalsvert frá síðustu endurskoðun aðalskipulags. Þar ber fyrst að telja breytingar á mannfjöldaþróun, atvinnumálum, samgöngum, friðlýsingum svæða og forsendur um náttúruvá og hættumat.

3.1 Mannfjöldi og byggðarþróun

Við gerð aðalskipulagsins verður tekið mið af mannfjöldaspá þegar landþörf fyrir íbúðir, stofnanir og atvinnustarfsemi verður metin í þéttbýli og ákvæði sett í dreifbýli. Hér eru sett fram dæmi um líklega eða hugsanlega þróun til þess að útskýra forsendur áætlanagerðarinnar. Ekki má líta á dæmin sem stefnu um íbúaþróun en slík stefnumótun verður unnin í næsta áfanga skipulagsvinnunnar.

3.1.1 Íbúafjöldi og íbúaspá

Íbúafjöldi í Rangárþingi eystra 1. janúar 2019 var 1.924 íbúar og þar af bjuggu 988 manns í þéttbýlinu á Hvolsvelli. Á síðustu 20 árum hefur íbúafjöldi í sveitarfélaginu verið nokkuð stöðugur eða á bilinu 1.640 til 1.750 íbúar. Meðaltalsfjölgun hefur verið um 0.88% síðustu 10 ár, en íbúafjöldi stóð að mestu í stað á árunum 2009- 2017 en tók stökk á síðastliðnum tveimur árum með fjölgun um 3%, 2018 og 7%, árið 2019. Þetta er meiri fjölgun en gert var ráð fyrir í miðspá gildandi aðalskipulags. Fjölgun íbúa virðist dreifast nokkuð jafnt milli þéttbýlis og dreifbýlis á sl. 10 árum.



MYND 2. *Fjöldi íbúa í Rangárþingi eystra frá 1998 til 2019 (Íslands, 2019)*

Ef skoðuð er íbúaþróun Hvolsvallar sérstaklega þá hefur íbúum fjölgað úr 878 árið 2011 í 988 árið 2019 og er um helmingur allra íbúa sveitarfélagsins búsettir þar. Milli áranna 2018 og 2019 fjölgaði íbúum

um rúmlega 6% á Hvolsvelli. Innan þéttbýlisins er fólksfjölgun svipuð og gert var ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi miðað við miðspá.



MYND 3. *Fjöldi íbúa á Hvolsvelli frá 2011 til 2019 (Íslands, 2019)*

Á 4. mynd eru sýndir einfaldir framreikningar, byggðir á gögnum frá Hagstofu Íslands. Framreikningur miðað við áætlaða meðalfjölgun á landinu öllu, lág-, mið-, og háspá. Verða þessir framreikningar nýttir til að sjá hver áætluð íbúaaukning verði í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.



MYND 4. Íbúafjöldi í Rangárþingi eystra frá 1998 til 2019. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar (Íslands, 2019)

Með hliðsjón af framreikningi íbúafjölda undanfarinna ára er gert ráð fyrir að skv. háspá verði íbúafjöldi um 2.200 í lok aðalskipulagstímabilsins árið 2032 en skv. lágspá um 2.080.

Ef íbúaaukning frá 2015 til 2019 er skoðuð þá er um 10% fjölgun íbúa, eða um 2% á ári. Ef gert er ráð fyrir sömu fjölgun á skipulagstímabilinu má gera ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 2.600 í lok þess. Í vinnu við aðalskipulagið verður tekin afstaða til við hvaða íbúaþróun skal miða við.

3.1.2 Aldursskipting

Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að talsverðar breytingar verði á aldurssamsetningu samfélaga á næstu áratugum. Hlutfall aldraðra er talið hækka verulega á landsvísu. Á 5. mynd er borin saman aldursdreifing á landinu öllu saman við aldursdreifingu Rangárþings eystra. Hlutfall barna og í aldurshópnum milli fertugs og fimmtugs er heldur lægra í sveitarfélaginu en á landinu öllu. Hærra hlutfall er hins vegar í aldurshópnum milli tvítugs og fertugs og svo í hópnum 70 +.



MYND 5. *Myndin sýnir samanburð á aldursdreifingu á landsvísu (svartar útlínur) og aldursdreifingu Rangárþings eystra (fylltar súlur). Hlutfall karla er vinstra megin en kvenna hægra megin.*



MYND 6. *Aldursdreifing íbúa Rangárþings eystra frá árinu 2004 og 2019 borin saman. Hlutfall karla er vinstra mengin en kvenna hægra megin.*

Á 6. mynd er borin er saman aldursdreifing íbúa í Rangárþingi eystra á árunum 2004 og 2019. Þar sést að hlutfallsleg fækkun hefur orðið í yngstu aldurshópunum og hjá hópnum milli fertugs og fimmtugs. Nokkur aukning hefur verið í aldurshópnum milli tvítugs og fertugs og fjölgun aldraðra kemur fram í sveitarfélaginu eins og annarsstaðar á landinu.

Í samræmi við ofangreint hefur fjölskyldusamsetning í sveitarfélaginu breyst nokkuð á s.l. 10 árum. Hlutfall einstaklinga hefur aukist um 5%[2] og sömuleiðis para í hjónabandi án barna um 3%. Á móti hefur fólki sem býr í sambúð eða hjónabandi með börn fækkað hlutfallslega um tæp 8%. Meðalfjöldi barna á par eða einstætt foreldri hefur þó staðið í stað og eru að meðaltali 4 í heimili þar sem par er með börn og 2,5 þar sem einstætt foreldri býr með börn. Í takt við stærra hlutfall skráðra einstaklinga hefur meðaltalsfjöldi í fjölskyldueiningu minnkað úr 1,82 í fjölskyldu í 1,68.[3]

3.1.3 Íbúðar- og frístundasvæði

Íbúðum í sveitarfélaginu hefur fjölgað nokkuð jafnt og þétt á sl. 10 árum frá því að vera 648 árið 2009 í að vera 734 í byrjun árs 2019[4]. Langstærstur hluti íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu eru einbýli, eða 627 íbúðir. Sé íbúum deilt niður á íbúðir má sjá að árið 2019 er meðalfjöldi íbúa á íbúð 2,6 manneskjur en var árið 2009 komin í 2,7, hlutfallið er því nokkuð stöðugt. Í niðurstöðum viðhorfskönnunar um

[2] Inni í þessari tölu eru börn sem búa á heimili foreldra og hafa náð 18 ára aldri.

[3] Umfjöllun um íbúaþróun er byggð á gögnum frá Hagstofu Íslands.

[4] Umfjöllun um íbúðar og frístundahúsnæði er byggð á gögnum frá Þjóðskrá Íslands

húsnæðismál í Rangárþingi eystra kemur fram að meirihluti íbúa telur skort á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og þá er sérstaklega vísað til minni íbúða.

Í Lögbýlaskrá 2018, eru skráð 324 lögbýli þar af eru 32 skráð sem eyðibýli og má því gera ráð fyrir að búið sé á tæplega 300 lögbýlum. Talsverð fjölgun hefur orðið á byggingu frístundahúsa í Rangárþingi eystra sl. 10 ár. Árið 2009 voru 310 frístundahús skráð en árið 2018 voru þau 362.

3.1.4 Atvinnulíf

Vinnusóknarsvæði fyrir Hvolsvöll samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar, árið 2014, nær austan frá Skógum, vestur um Hellu að Selfossi. Svæðið fellur að miklu leyti saman við vinnusóknarsvæði Hellu og Selfoss. Vinnusóknarsvæði er það svæði sem fólk sækir daglega milli heimilis og vinnustaðar og er áætlað af Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögum.



MYND 7 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða, Byggðastofnun 2014

Torsótt er að fá gögn um atvinnumál á grunni sveitarfélaga og því er erfitt að fá heildarmynd af skiptingu atvinnu eftir greinum innan sveitarfélagsins eða fjölda starfa í einstökum greinum. Starfsumhverfi hinna ýmsu atvinnugreina hefur breyst mikið undanfarna áratugi, sem og búsetumynstur á Íslandi. Rangárþing eystra hefur lengst af verið dæmigert dreifbýlissamfélag með landbúnað sem aðalatvinnugrein. Samhliða fækkun starfa í landbúnaði á landsvísu hafa komið til ný atvinnutækifæri. Þeir þættir sem líklega hafa hvað mest áhrif á þróunina er ásókn í frístundasvæði og aukning ferðamanna sem m.a. veldur því að ferðaþjónusta er orðin ein aðalatvinnugrein svæðisins.

3.2 Samgöngur og þjónustukerfi

Helstu samgönguæðar sveitarfélagsins er þjóðvegur 1 sem liggur þvert í gegnum sveitarfélagið og svo vegur að Landeyjarhöfn við mynni Markarfljóts. Margir þjóðvegir og hálendisvegir sveitarfélagsins liggja um eða að fjölförnum ferðamannastöðum og hefur umferð um þá aukist gríðarlega undanfarin misseri.

Vegagerðin telur árdagsumferð (ÁDU) á þjóðvegum landsins sem er daglegur meðalfjöldi bíla sem fer um viðkomandi veg. Á Suðurlandsvegi vestan við Hvolsvöll var ÁDU skráð 4.200 bílar árið 2018 árið 2011 var fjöldinn hinsvegar 2.069 bílar. Á Suðurlandsvegi við skóga var ÁDU 2018 2.600 bílar en var 663 árið 2011. Um Þórsmerkurvegar var ÁDU árið 2018 538 bílar en árið 2011 var hún 171 bíll, um fyrsta hluta vegarins, að Seljalandsfossi var ÁDU 1.400 bílar árið 2018. Það er sama sagan á Fljótshliðarvegi, neðan við Tumastaði. Þar er ÁDU 2018 904 bílar en var 2011 757 bílar[5].

Að ofangreindu má vera ljóst að umferð í sveitarfélaginu hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Umferðaraukningin kallar á breikkun Suðurlandsvegar með aðskildri akstursstefnu sem er nauðsynleg til að tryggja betur öryggi vegfarenda allan ársins hring. Með endurskoðun aðalskipulags þarf m.a. að meta legu þjóðvegar um Hvolsvöll m.t.t. umferðarþunga. Þá þurfa vistvænar samgöngur að vera öflugar og mikilvægt fyrir sveitarfélagið að gangandi og hjólandi vegfarendum sé gert auðvelt að ferðast um svæðið. Öruggar göngu- og hjólaleiðir innan þéttbýlis og milli sveitarfélaga s.s. til Hellu, sem og tengingar við helstu ferðamannastaði þarf að tryggja með góðu stígakerfi.

Landeyjarhöfn er í Rangárþingi eystra. Þar er eingöngu ferjusiglingar til Vestmannaeyjar. Ljóst er að núverandi afmörkun hafnarsvæðisins er of þröng. Lítil sem engin þjónusta hefur byggst upp í kringum siglingarnar og því tækifæri til að kanna aukna nýtingamöguleika Landeyjarhafnar og landsvæðis í kringum hana.

3.3 Náttúruvernd

Eitt svæði er friðlýst í Rangárþingi eystra, Skógafoss ásamt nokkrum fossum ofar í Skógaá og næsta nágrennis árinnar og eru tólf svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun er að vinna að friðlýsingu vatnasviðs Markarfljóts í samræmi við niðurstöðu Rammaáætlunar.

Hverfisvernd hefur verið skilgreind á nokkrum stöðum vegna náttúruverndar í sveitarfélaginu. Reynslan hefur sýnt að endurskoða þarf afmörkun þeirra. Betri gögn eru nú aðgengileg en við síðustu endurskoðun m.a. um vistgerðir og því talið tilefni til að endurskoða afmörkun þessara svæða á grundvelli betri gagna.

3.4 Náttúruvá

Rangárþing eystra er staðsett á virku gosbelti og því mikilvægt að taka tillit til náttúruvá í skipulagsvinnunni. Líta þarf til áhættu af eldgosum, flóðum, jarðskjálfta auk óveðra og ofanflóða, þ.m.t. grjóthruns. Árið 2011 gaf Lögreglustjórinn á Hvolsvelli út *Áhættuskoðun almannavarna* þar sem gott

[5] Tölur um umferð eru unnar upp úr gögnum frá Vegagerðinni

yfirlit er yfir náttúruvá á svæðinu og einnig farið yfir þætti sem tengjast umhverfi og heilsu og helstu innviðum og samfélagsöryggi. Þar eru einnig skilgreind verkefni á sviði almannavarna s.s. hættumat og gerð viðbragðsáætlana vegna náttúruhamfara. Byggt verður á þessari vinnu við endurskoðun á því hvernig almannavarnir og hættumat fléttast inn í Aðalskipulag Rangárþings eystra.

Viðbragðsáætlanir sem unnar hafa verið og líta þarf til við aðalskipulagsvinnuna eru eftirfarandi[6]:

- Viðbragðsáætlun vegna eldgoss undir Eyjafjallajökli, 2013
- Viðbragðsáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli, 2017
- Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Heklu, 2017
- Jökulhlaup í Öræfum og Markarfljóti vegna eldgosa undir jökli, forgreining áhættumats, 2016
- Sólheimajökull: Hættumat vegna lítilla og meðalstórra jökulhlaupa, 2015
- Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli, 2005

[6] Gögn um náttúruvá er að finna á heimasíðu Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra

4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður greint frá tengslum við aðrar áætlanir og hver áhrif landsskipulagsstefnu eru á mótun og forsendur endurskoðunar aðalskipulagsins. Greint verður frá tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem áætlanir um landnotkun á landsvísu t.d. um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað. Einnig verður farið yfir aðliggjandi aðalskipulagsáætlanir o.fl. eftir því sem tilefni er til.

TAFLA 1 Tengsl við aðrar áætlanir

Stefnumörkun	Tengsl við endurskoðun aðalskipulags
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Jafnrétti og velferð íbúa, heilsueflandi samfélag (1-5), nýsköpun og sjálfbærni á sviði nýtingar vatns og lands (6-9, 14-15). Aðgerðir í loftslagsmálum (13) og verndunar umhverfis- og menningarminja.
Kerfisáætlun 2019-2028	Uppbygging raforkuflutningskerfisins
Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	Samræma þarf sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum
Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum
Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum
Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá	Í náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Við stefnumörkun verður tekið mið af náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá
Samgönguáætlun 2020-2034 Drög að aðgerðaraætlun 2020-2024 í samráðsgátt	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum
Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði	Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana og er sveitarstjórnum skylt að samræma skipulag við áætlunina
Landsskipulagsstefna	Í landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar: ✓ Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun ✓ Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum ✓ Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks ✓ Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta

	Þeir þættir landsskipulagsstefnu sem Rangárþing þarf að taka mið af er stefna um skipulag á miðhálendi Íslands, skipulag í deifbýli, búsetumynstur og dreifing byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Í viðauka við landsskipulagsstefnu sem nú er í vinnslu verður mótuð nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála
Fjarskiptaáætlun 2019-2033	Stefna sveitarfélagsins samræmist markmiðum um að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og að sjálfbærar byggðir um land allt.
Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum	Orkuskipti í vegasamgöngum Átak í kolefnisbindingu og bættri landnotkun – skógrækt – landgræðsla-endurheimt votlendis – kolefnisbinding í samstarfi við sauðfjárbændur Loftlagsstefna
Velferð til framtíðar, stefnumörkun til 2020	Stefnumörkun um sjálfbærni í íslensku samfélagi
Stefnumörkun Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika	Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - Votlendi og önnur svæði inn til lands Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – Fjörur og grunnsvæði –

Samningar

Ramsar samningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti
Rammasamningur SÞ um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta
Bernar- samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra
Parísarsamkomulagið og heimsmarkmið um losun gróðurhúsalofttegunda	Markmið samkomulagsins er að stöðva aukningu í útblæstri gróðurhúsaloft-tegunda á heimsvísu og ná að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C. Samkomulagið gerir ráð fyrir að aðildarríki meti stöðu sína á 5 ára fresti. Fyrsta matið á að fara fram árið 2023
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd	Að stuðla að verndun villtra fugla
Verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims	Tryggja að verðmætar menningar- og náttúruminjar verði ekki tortímingu að bráð

Stefnur og áætlanir á svæðisvísu

DMP áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaáætun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun
DMP áfangastaðaáætlun fyrir Kötlu jarðvang	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaáætun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun
Rammaskipulag Suðurhálendis	Sameiginleg stefnumörkun Rang. eystra, Rang. ytra og Skaftárhrepps, 2014, á sviði samgangna og ferðaþjónustu

5 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGSINS

Í þessum kafla er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati við endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra og helstu áherslum matsvinnunnar.

Endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem eftirfarandi þættir eiga við:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum nr. 105/2006.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000[7].

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og markar stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 og 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Orkuframleiðsla s.s. smávirkjanir og vindorka
- Stofnbrautir – þjóðvegur 1
- Efnistaka og efnislosun

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings ytra við aðrar áætlanir, stefnur og alþjóðlega samninga í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Yfirlit yfir helstu áætlanir sem um ræðir er að finna í kafla 4 hér fyrir ofan.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags, skipulagsnefnd og sveitarstjórn Rangárþings eystra. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum til handa íbúum Rangárþings eystra.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum

[7] Sjá 1. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana

sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisaðgerðum. Jafnframt verður umhverfismat áætlana nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar.

5.1 Mat á áhrifum

Sveitarstjórn, skipulagsnefnd og starfshópur mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafa um endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings eystra. Í umhverfismatinu verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 2 um hvern megin umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

1. **Umfang:** Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk/landamæri?
2. **Líkur:** Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?
3. **Sammögnun áhrifa:** Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið.
4. **Áhætta**: Kann áætlunin að auka á hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum sveitarfélagsins, markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisaðgerðum.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

5.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Í umhverfismati áætlunarinnar verða eftirfarandi umhverfisþættir til umfjöllunar samfélag, heilsa og vellíðan, efnahagur, dýralíf, gróður, vatn, sjór og strönd, náttúruminjar, menningarminjar, landslag, náttúruvá og loftslag.

Í umhverfismati áætlunarinnar eru settir fram umhverfisvísar fyrir hvern megin umhverfisþátt. Vísarnir byggjast meðal annars á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, viðmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að undirbyggja matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla. Hér í töflu 2 er að finna helstu matsspurningar og þau heimsmarkmið sem lögð verða til grundvallar. Viðmið sett fram í töflunni er ekki tæmandi listi og munu önnur viðmið vera nýtt í vinnunni.

TAFLA 2. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Samfélag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • íbúafjölda eða íbúasamsetningu? • gæði byggðar? • gæði þjónustu við íbúa?	
Heilsa og vellíðan	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • umferðaröryggi? • lífgæði s.s. aðgengi að opnum svæðum og náttúru?	
Efnahagur	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • atvinnumöguleika íbúa? • efnisleg verðmæti? • Sjálfbæra nýtingu auðlinda?	
Dýralíf	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • lífræðilegan fjölbreytileika • dýrategundir sem njóta sérstakrar verndar • mikilvæg vistsvæði fugla? • Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra?	
Gróður	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • lífræðilegan fjölbreytileika • vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar?	
Vatn, sjór og strönd	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • vatnsverndarsvæði? • vötn, ár og læki • votlendi? • strandsvæði eða grunnsævi?	

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúruminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • friðlýst svæði? • önnur svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd? • svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun • hverfisverndarsvæði?	
Menningarminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • minjar? • friðlýstar minjar • búsetu- eða menningarlandslag?	
Landslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • landslagsheildir sem teljast mikilvægar skv. náttúrurverndarlögum? • yfirbragð byggðar? • verndarsvæði?	
Náttúruvá	Verður náttúruvá til staðar á: • nýjum íbúðarsvæðum • núverandi íbúðarsvæðum • megin samgönguæðum	
Loftslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: • loftgæði • losun gróðurhúsalofttegunda?	

6 SKIPULAGFERLIÐ

6.1 Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og kynnt á almennum íbúafundi og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum í upphafi verks. Almenningi og umsagnaraðilum er þar með gefinn kostur á því að koma að sjónarmiðum og ábendingum varðandi efnistök og vinnslu skipulagsins.

Lýsing aðalskipulagsins verður send til umsagnaraðila og þeim gefinn 4 vikna frestur til að koma með ábendingar og/eða athugasemdir við hana.

Helstu umsagnaraðilar vegna lýsingarinnar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun/Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landgræðsla ríkisins
- Skógræktin
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa
- Ferðamálastofa
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Vestmannaeyjabær

Samráð verður haft við íbúa og aðra hagsmunaaðila við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verði kynnt á almennum íbúafundi áður en sveitarstjórn tekur aðalskipulagið til fyrstu umræðu, í byrjun árs 2021. Eftir að unnið hefur verið úr athugasemdum sem berast á forkynningartíma verður skipulagið auglýst í sex vikur og íbúum, öllum almenningi og umsagnaraðilum gefst tækifæri til að yfirfara skipulagið og senda inn umsagnir og athugasemdir. Aftur verða umsagnir og athugasemdir teknar fyrir áður en nýtt aðalskipulag verður staðfest af sveitarstjórn og Skipulagsstofnun.

6.2 Drög að tímaáætlun

Hér eru sett fram drög að tímaáætlun. Stefnt er að því að forkynninga aðalskipulagstillögu geti farið fram að ári og að nýtt aðalskipulag verði staðfest um mitt ár 2021.

TAFLA 3 Drög að tímaáætlun

	2019		2020		2021
	Nóvember-Desember	Janúar-Október	Nóvember-Desember	Febrúar-mars	Apríl-ágúst
Áfangi I: Skipulagslýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga					
Skipulagslýsing samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					
Skipulagslýsing kynnt fyrir íbúum					
Samráð við hagsmunaaðila					
Áfangi II: Undirbúningur tillögu og forkynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga					
Fyrstu drög skipulagshugmynda					
Umhverfisskýrsla og tillögugerð					
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir íbúum					
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir aðliggjandi sveitarfélögum					
Áfangi III: Samþykkt tillögu og auglýsing skv. 31. gr. skipulagslaga					
Aðalskipulagstillaga samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					
Auglýsing aðalskipulagstillögu					
Lokadrög skipulagstillögu					
Áfangi IV: afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags skv. 32. gr. skipulagslaga					
Yfirferð umsagna og athugasemda					
Samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					
Yfirferð Skipulagsstofnunar					
Gildistaka aðalskipulags auglýst í B-deild Stjórnartíðinda					